

Athugasemd við breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi

skipulag@hornafjordur.is

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri
Ráðhúsið
780 Höfn í Hornafirði

Ég sendi inn þessa athugasemd vegna þess að bæjarstjórn samþykkti þann 11. mars sl. að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Ég sé ástæðu til að gera athugasemdir og spyrja skipulagsyfirvöld nokkurra spurninga.

Mikill fjöldi náma er í sveitarfélaginu eða um 43 námur ef mér skjáttlast ekki. Þá eru skilgreindir 90 efnistökuastaðir í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Heimildir til efnistöku í sveitarfélaginu er því miklar og engin þörf á því að auka við þær heimildir. Ég vil minna á að samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er stefnan m.a. að fækka og/eða sameina efnistökusvæði í sveitarfélaginu. Fjölgun efnistökusvæði gengur því þvert gegn núverandi stefnu.

Þær efnisnámur sem eru til staðar í sveitarfélaginu standa undir eftirspurn og gott betur en það. Stefna sveitarfélagsins hefur verið að opna ekki nýjar námur innan verndarsvæða nema það reynist nauðsynlegt. Það er bæði skynsamlegt og mikilvægt að nýta jarðefni í sveitarfélaginu til mannvirkjagerðar, vegagerðar og útflutnings. Efnistaka skapar störf og verðmæti og styrkir fjölbreytt atvinnulíf. Sveitarfélaginu ber að fara vel með þetta vald og gæta að því að fjölga ekki efnistökusvæðum án ríkrar ástæðu. Það er óskynsamlegt að fjölga námum þegar námur í sveitarfélaginu standa undir þeirri eftirspurn sem er fyrir hendi.

Skipulagsyfirvöldum á Höfn ætti að vera ljóst að jörðin Borg er í eigu íslenska ríkisins og hafa Ríkiseignir umsjón með jörðinni í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytis. Landeigandi er réttur aðili að öllum málum er varða jörðina. Allar ráðstafanir og breytingar á jörðinni, sem og umsóknir og beiðnir um námur og efnistöku geta eingöngu verið á hendi landeiganda. Ljóst er að landeigandi einn getur sótt um námuréttindi og framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á eigin landi. Leigutaki eða afnotahafi hefur ekki þessi réttindi. Ekki er að sjá að Ríkiseignir hafi óskað eftir námu í landi Borgar eða standi að baki umsókninni. Ég óska eftir skýringum á því af hverju sveitarfélagið fer fram með skipulagsbreytingu sem er í óþökk landeiganda.

Ég veit ekki betur en að landeigandi þarf að sækja um rannsóknarleyfi og síðan nýtingarleyfi fyrir efnistöku á ríkisjörð, eins og hér á við. Það væri gott að fá svar við þessu. Ég óska einnig eftir svörum við því hvort fyrirhuguð efnistaka í landi Borgar falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Horn, 26. maí 2021

Með kveðju,

Ómar Antonsson